

Ed.

373. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 36, 11. júlí 1911, um forgangsrjett kandidata frá háskóla Íslands til embætta.

Frá mentamálanefnd.

Eftir tillögum háskólaráðsins, er látið hefir uppi tillögur sínar í þessu máli eftir ósk nefndarinnar, leyfir nefndin sjer að leggja til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. 1. gr. frv. orðist svo:

Ríkisstjórninni skal heimilt að veita guðfræðikandídat Sveinbirni Högnasyni embætti á Íslandi.

2. Fyrirsögnin orðist svo:

Frumvarp til laga um heimild handa ríkisstjórninni til að veita guðfræðikandídat Sveinbirni Högnasyni embætti á Íslandi.

Alþingi, 17. apríl 1926.

Ingibjörg H. Bjarnason,
form.

Jóh. Jóhannesson.

Jónas Jónsson,
fundaskr. og frsm.